



# HANDBÓK GSS OG STARFSÁÆTLUN 2020-24

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Kafli 1    Stefna GSS .....	3
1.1    Barna og unglíngastarf .....	3
1.2    Mótahald .....	3
1.3    Völlur og tæki .....	3
1.4    Húsnæði.....	4
1.5    Útbreiðslustarf: kynning og nýliðun .....	4
1.6    Fjármál.....	4
1.7    Gildi GSS fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð.....	4
Kafli 2    Stjórn og nefndir.....	5
2.1    Stjórn GSS .....	5
2.2    Nefndir.....	5
2.2.1    Mótanefnd.....	6
2.2.2    Vallarnefnd .....	6
2.2.3    Forgjafarnefnd .....	6
2.2.4    Aganefnd .....	6
2.2.5    Unglinganefnd .....	7
2.2.6    Húsnefnd .....	7
2.2.7    Fjáröflunarnefnd.....	8
2.2.8    Kynningar- og nýliðanefnd .....	8
2.2.9    Skemmti- og skálanefnd .....	8
3    Þjálfun.....	9
4    Áætlanir og stefnur.....	10
4.1    Jafnréttisstefna.....	10
4.2    Eineltisstefna .....	10
4.3    Siðareglur.....	10
4.4    Vímuvarnir .....	10
5    Starfsáætlun GSS 2020 – 2024 .....	11
5.1    Barna og unglíngastarf .....	11
5.2    Mótahald .....	11
5.3    Kynning og nýliðun .....	11
5.4    Golfskálinn.....	11
5.5    Bætt aðstaða til þjálfunar.....	11
5.6    Hlíðarendavöllur.....	12

Viðaukar .....	14
Viðauki A: Lög Golfklúbbs Skagafjarðar .....	14
Viðauki B: Starfslýsingar .....	17
Viðauki C Ráðningarsamningur, eyðublað.....	18

## Inngangur

Árið 2019 var ráðist í það verkefni að útbúa handbók. Í handbókinn koma fram upplýsingar um starf Golfklúbbs Skagafjarðar (GSS) sem eru gagnlegar fyrir stjórn, nefndir, almenna félagsmenn og ytri hagsmunaaðila. Handbókin inniheldur m.a. stefnu GSS, lýsingu á störfum stjórnar og nefnda, starfsáætlun til næstu ára, lög GSS og upplýsingar um stjórn og nefndir. Handbókina þarf að uppfæra árlega. Handbókin er birt félagsmönnum á heimasíðu GSS, [www.gss.is](http://www.gss.is)

## Kafli 1 Stefna GSS

### 1.1 Barna og unglíngastarf

Í barna- og unglíngastarfi GSS er lögð áhersla á

- Öflugt barna- og unglíngastarf fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna
- Gott og gefandi félagsstarf, á æfingum jafnt sem utan æfingátíma
- Drengsskap, jafnrétti og íþróttamannslega framkomu
- Að hafa leik og gleði í fyrirrúmi
- Að kenna iðkendum helstu golfsiði, golfreglur og umgengni á golfvöllum
- Að stuðla að góðum og jákvæðum samskiptum við iðkendur og foreldra
- Að stuðla að forvörnum með heilbrigðri hreyfingu og góðu félagsstarfi

### 1.2 Mótahald

Stefna GSS í mótahaldi er að

- mót á vegum GSS standist samanburð við mót annarra klúbba
- á Hlíðarendavelli séu haldin mót við allra hæfi
- styrkja félagsandann innan GSS með öflugum innanfélagsmótum

### 1.3 Völlur og tæki

Völlurinn að Hlíðarenda er á um 29 hektara svæði. Hann er því stærsta íþróttamannvirki Skagafjarðar að flatarmáli. Hagur GSS felst í því að völlurinn sé sem fallegastur, snyrtilegastur og skemmtilegastur til iðkunar golfleiks. Markmið GSS er að völlurinn sé alltaf í sem bestu ásigkomulagi. Endurnýjun tækja þarf að vera regluleg. Forgangsraða þarf framkvæmdum og endurnýjun tækja með áætlun til a.m.k. 3 ára hverju sinni sem endurskoðuð er árlega.

## 1.4 Húsnæði

Það er stefna GSS að sinna nauðsynlegu viðhaldi á núverandi húsnæði. Ástand golfskálans er slæmt og ekki ráðlegt að byggja við það miðað við núverandi ástand.

Stjórn GSS hefur hug á að taka upp viðræður við Sveitarfélagið Skagafjörð og ýmsa hagsmunaaðila, t.d. ferðaaðila og aðildarfélög UMSS, um byggingu fjölnota miðstöðvar fyrir frístundir, íþróttir og útiveru. Það er ljóst að slík framkvæmd er ekki á færi golfklúbbsins eins og því þarf að fá fleiri að hugmyndavinnu vegna byggingar slíks fjölnota skála.

## 1.5 Útbreiðslustarf: kynning og nýliðun

GSS hefur það að markmiði að fjölga kylfingum í GSS og gera inngöngu í GSS áhugaverða. Það er gert með kynningu á starfinu og góðri móttöku nýliða. Móttaka nýliða felst m.a. í nýliðanámskeiðum og nýliðamótum. Hjálpa þarf nýliðum við skrefið frá því að vera byrjandi yfir í það að spila reglulega á Hlíðarendavelli.

Áhersla skal lögð á að kynna starfsemi GSS með kynningar- og útgáfustarfsemi. Einnig skal auka sýnileika GSS í sveitarfélaginu Skagafirði. Stjórn klúbbsins skal leggja sig fram um að hafa góð tengsl við forystufólk bæjarins og aðra stuðningaðila klúbbsins, til að auka skilning á starfseminni og laða menn að henni.

Upplýsingar um starfsemi og helstu fréttir af starfi skal færa inn á inná heimasíðu klúbbsins.

[www.gss.is](http://www.gss.is).

## 1.6 Fjármál

Það er markmið GSS að rekstur klúbbsins byggi á traustum grunni og kostnaður verði ekki meiri en innkoma. Markmið til 3 – 5 ára í senn skal vera til staðar á hverjum tíma. Rekstrarafgangur er notaður til áframhaldandi uppbyggingar á starfsemi klúbbsins.

## 1.7 Gildi GSS fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

GSS gegnir mikilvægu hlutverki í Sveitarfélaginu Skagafirði. Í fyrsta lagi fer fram öflugt barna- og unglíngastarf í klúbbum, í öðru lagi hentar golf sem áhugamál og heilsubót fyrir fólk á öllum aldri og síðast en ekki síst er golf hluti af ferðamennsku og golfarar heimsækja Skagafjörð gagnert til þess að spila golf.

## Kafli 2 Stjórn og nefndir

### 2.1 Stjórn GSS

Í stjórn golfklúbbsins eru 7 stjórnarmenn: formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður, formaður mótanefndar, formaður vallanefndar og formmarður unglínganefndar. Þeir skulu kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, þrír á hverju ári. Einnig skal kjósa 3 varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Endurkjósa má alla stjórnarmenn, en ekki eru þeir skyldugir að gefa kost á sér til endurkjörs.

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum ókeypis aðgangi að völlum annara klúbba og auglýsa þau sambönd rækilega.

Stjórn ákveður sjálf starfstílhögun sína. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagsjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórnin kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varða. Þó þarf samþykki félagsfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér. Stjórnin getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórnin skal rækta samband við klúbbsfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

### 2.2 Nefndir

Áhersla stjórnar GSS lýtur að virku nefndar- og félagsstarfi og eru í því sambandi unnar áætlanir nefnda fyrir hvert starfsár samhliða því að unnar eru langtímaáætlanir til 3 – 5 ára. Þessar áætlanir eru unnar af formönnum viðkomandi nefnda á hverju starfsári og hugað að framtíðinni við gerð þeirra.

Nefndarformönnum er uppálagt að ígrunda vel starfsárið framundan svo og gera áætlanir til næstu ára. Framtíðaráætlanir skulu að nokkru leyti byggjast á fyrri áætlunum og ekki síður á hugmyndum nýrra nefndarmanna og ferskum hugmyndum sem þar kunna að myndast. Með þessu móti ættu nýjar hugmyndir að komast á framtíðaráætlun nefndarinnar og þar með klúbbsins og með því móti hljóta brautargengi eftir ítarlega meðferð í nefndum og síðan í meðferð stjórnar eftir góðan undirbúning innan sérhverrar nefndar.

Það er því mjög áriðandi að sérhverjum nefndarformanni sé uppálagt að vinna stöðugt í endurskoðun og framþróun stefnumála sinnar nefndar og fela samstarfsmönnum sínum í nefndinni að vinna að framtíðarsýn og uppbyggingu starfseminnar.

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa þessar nefndir: 1. Mótanefnd, 2. Vallarnefnd, 3. Forgjafarnefnd, 4. Aganefnd, 5. Unglínganefnd, 6. Húsnefnd, 7. Fjáröflunarnefnd, 8. Kynningar og nýliðanefnd, 9. Skemmtinefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera 3 – 5 menn, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum G.S.Í. en aðrar skv. fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar.

### 2.2.1 Mótanefnd

Starf mótanefndar GSS felur í sér vinnu við undirbúning móta svo og umsjón með mótum hvort sem um innanfélagsmót eða opin mót er að ræða. Opin mót og innanfélagsmót skila GSS tekjum sem styrkja starfsemi félagsins. Það er því nauðsynlegt að halda mót og reyna að tryggja það að framkvæmd móta sé með sóma.

Mótanefnd stendur fyrir innanfélagsmótum og opnum mótum sem haldin eru af GSS. Mótanefndin sér um Meistaramót GSS og Meistarakeppni í holukeppni. Mótanefndin sér um framkvæmd móta sem haldin eru í samstarfi við UMFÍ.

### 2.2.2 Vallarnefnd

Helstu hlutverk vallarnefndar GSS eru að:

- Gera framtíðaráætlanir um framkvæmdir og endurbætur á golfvöllinum og endurskoða áætlunina árlega.
- Styðja við starf vallarstjóra og starfsmanna vallarins.
- Gera áætlun um kaup og endurnýjun á véla og tækjakosti og annað er snýr að rekstri vallarins.
- Vera golfvallarhönnuði innan handar þegar ráðast á í stærri verkefni og gera kostnaðaráætlanir þar að lútandi. Vallarnefnd hefur þó á engan hátt ákvörðunarvald um framkvæmdir slíkra verka
- Gera tillögur um almennt útlit vallar sbr. auglýsingar og önnur skilti á vellinum.
- Sjá um að umhirða vallar sé til fyrirmyndar.
- Gera tillögur um nýtingu vallar með tilliti til álags og ástands vallar.
- Setja upp völlinn fyrir stórmót, merkingar á vellinum verði gerðar í samráði við dómara GSS.
- Að hafa eftirlit með að framkvæmdir verkefna sem heyra undir málaflokkinn séu innan marka samþykktra áætlana.
- Skipuleggja sjálfboðaliðastarf meðal félagsmanna, þar sem mönnum gefst kostur á að vinna að snyrtingu og lagfæringum á vellinum. Áætlað er að sjálfboðaliðastarf GSS fari fram tvisvar á ári, að vori og að hausti.

### 2.2.3 Forgjafarnefnd

Forgjafarnefnd heldur utan um öll forgjafarmál GSS og skilar árlega skýrslu til stjórnar.

### 2.2.4 Aganefnd

Hlutverk og markmið aganefndar eru að:

- fjallar um brot félagsmanna gegn reglum GSS og ákveður viðurlög við þeim.
- nefndin fjallar ekki um brot sem varða annað en gølfleik og beinast á einhvern hátt að GSS eða
- starfsmönnum félagsins; stjórn fjallar um slík brot.

Nefndin skal gæta ítrasta hlutleysis við meðferð agabrota. Hún skal fjalla um mál og afgreiða þau eins fljótt og auðið er án þess þó að það komi niður á gæðum úrskurða.

### 2.2.5 Unglinganefnd

Hlutverk barna- og unglínganefndar er að

- halda utan um og skipuleggja barna- og unglíngastarf klúbbsins
- sinna mótahaldi fyrir börn- og unglínga
- sjá um samskipti og samstarf við þjálfara og foreldra
- skipuleggja fjáraflanir fyrir starfið
- styðja eftir föngum við bakið þjálfurum í því skyni að þeir megi ná sínum markmiðum.
- efla samstöðu unglínga og félagsanda
- halda úti sérstöku foreldraráði sem einblínir á félagslega viðburði, fjáraflanir vegna æfingaferða, aðstoðar við val á liðsbúningi ofl.
- skipuleggja æfingaferðir barna- og unglíngahópa
- Sjá um samskipti og samstarf við barna- og unglínganefndir annarra golfklúbba,
- fjölga keppendum frá GSS á unglínga- og fullorðinsmótaröðum GSÍ
- efla samstöðu foreldra og fá fleiri til þátttöku í því að búa sér í lagi unglíngunum gott atlæti við ástundun íþróttarinnar
- veita unglíngum í GSS aðbúnað og atlæti sem jafnast á við það sem best gerist hjá öðrum golfklúbbum
- leita ráða til þess að fjölga stúlkum og drengjum sem leika golf, t.d. með heimsóknum í grunnskóla og bjóða þeim að heimsækja okkur þar sem boðið verður uppá kennslu og fræðslu um starfið

Unglinganefnd heldur úti sérstakri mótaröð fyrir börn og unglínga í GSS

### 2.2.6 Húsnefnd

Helstu hlutverk:

- Að gera áætlun um viðhald húsnæðis GSS í samráði við stjórn
- Að gera áætlun um nýbyggingar GSS í samráði við stjórn
- Að skipuleggja vorþríf og haustþríf á húsnæði GSS og virkja félagsmenn til verka.
- Að sjá til þess að aðstaða félagsmanna og annarra kylfinga sé eins og best verður á kosið hverju sinni.



### 2.2.7 Fjáröflunarnefnd

Hlutverk fjáröflunarnefndar er að afla styrkja til starfs GSS, s.s. með því að

- Standa fyrir fjáröflunarviðburðum
- Leita til fyrirtækja og stofnana sem styrkja íþróttastarfsemi
- Sækja um styrki í sjóði

### 2.2.8 Kynningar- og nýliðanefnd

Markmið kynningar- og nýliðanefndar er að fjölga kylfingum í GSS og gera inngöngu í GSS áhugaverða.

Hlutverk kynningar- og nýliðanefndar er að

- Halda utan um nýliðastarfið.
- Skipuleggja námskeið fyrir nýliða þar sem farið er yfir golfreglur, umgengisreglur og verklegar æfingar.
- Standa fyrir mótum sem eru sérstaklega ætluð nýliðum og þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í íþróttinni, vanur/óvanur mót í lok nýliðanámskeiðs og gullteigamót fyrir þátttakendur í nýliðanámskeiði.
- Sjá um háforgjafarmót sem eru ætluð þeim sem eru með 30 eða hærra í forgjöf (vallarforgjöf) og eru haldin 10 mót yfir sumarið.
- Vinna að kynningu GSS, t.d. með því að gera starfið og árangur félagsins sýnilegri í fjölmiðlum.

### 2.2.9 Skemmti- og skálanefnd

Markmið skemmtinefndar er að auka gildi þess að vera félagi í GSS.

Hlutverk skemmtinefndar er að hafa frumkvæði að skemmtanahaldi á vegum félagsins vera með viðburði sem eykur skemmtanagildi þess að vera í GSS. Nefndin virkjar féлага til að starfa á sjoppuvöktum og skipuleggur vaktir vegna móta í samstarfi við starfsmann í skála.

### 3 Þjálfun

Markmið barna- og unglingaþjálfunar GSS er að þróa og þroska alla líkamlega, andlega og félagslega þætti sem eru mikilvægir fyrir hámarksárangur fullorðinsára. Taka skal mið af þroska og sérkennum hvers aldurshóp varðandi kröfur, framsetningu og innihalds æfinga. Langtímamarkmið í þjálfun barna og unglunga er að skapa áhuga á golfíþróttinni og íþróttum almennt, sem endist ævilangt.

Mikilvægt er að GSS eigi góða samvinnu við önnur íþróttafélög og fylgi stefnu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) varðandi barna- og unglingaíþróttir. GSS hefur stefnuyfirlýsingu ÍSí að leiðarljósi í skipulagningu barna- og unglingastarfs síns (Stefnuyfirlýsing um tilhögun íþróttauppeldis æskufólks innan íþróttahreyfingarinnar. Samþykkt á 63. Íþróttaþingi á Akranesi 26. – 27. október 1996.)

## 4 Áætlanir og stefnur

### 4.1 Jafnréttisstefna

Áhersla skal lögð á að fá iðkendur af báðum kynjum til þátttöku í golfíþróttinni, sérstök áhersla verður lögð á að finna þær leiðir sem verða til þess að stúlkur ílengist við golfiðkun bæði í keppnisgolfi og við almennan golfleik. GSS mun kom til móts við kröfur beggja kynja til íþróttaiðkunnar, bæði kyn njóta sömu aðstöðu til fjármagns, þjálfunnar, félsgjalda, aðstöðu og félgsstarfs.

Jafnræðis skal gætt milli þjálfara og iðkenda óháð kyni aldri og kynþætti.

Almennt leitast GSS við eftir bestu getu að fylgja almennum kröfum og reglum í jafnréttismálum.

### 4.2 Eineltisstefna

GSS stuðlar að góðri andlegri og líkamlegri vellíðan iðkenda og félagsmann sinna og mun ekki líða einelti á starfssvæði klúbbsins. Þjálfari fer yfir bækling ÍSÍ um einelti og sameiginlega er farið yfir þær leiðir sem æskilegt er að vinna eftir til að fyrirbyggja eineldi.

### 4.3 Siðareglur

GSS er aðildarfélag UMSS og fylgir siðareglum þess og viðbragðsáætlun. Markmið siðareglna er að stuðla að bættri framkomu og styðja metnaðarfulla og heiðarlega framgöngu allra, en einnig að efla traust og fagmennsku út á við sem og inná við. Gengið er út frá því að allir iðkendur, þjálfarar, foreldrar, starfsfólk kynni sér siðareglurnar og fari eftir þeim. Brot á sérmerktum siðareglum eru álitin agabrot og viðurlög við þeim í samræmi við viðbragðsálætlun UMSS. Siðareglur UMSS og viðbragðsáætlun er á vefslóðinni <https://www.umss.is/is/sidareglur-umss>

### 4.4 Vímuvarnir

Íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í vímuvörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmennum reiðir betur af og neyta síður vímuefna sem eru virk í íþróttastarfi. Einnig sýna rannsóknir að neysla vímuefna og tóbaks hafa mjög skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Félagið vill efla enn frekar vímuvarnargildi íþróttanna með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu í tengslum við íþróttir. Í þessari stefnuýfirlýsingu er talað um vímuefnaneyslu og er þá átt við neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Það er mikilvægt að GSS sé trúverðugt í fræðslu- og forvarnarstarfi þar sem árangur í íþróttum og áfengis- og tóbaksneysla fer ekki saman. GSS fræðir iðkendur sína, bæði börn og unglínga um skaðsemi vímuefna auk þess að fræða iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.

Félagið er andvíggt allri neyslu tóbaks og vímuefna allra iðkenda sem æfa hjá félaginu undir handleiðslu þjálfara þess. Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppnir á vegum félagsins. Það sama á við um æfingaferðir á vegum félagsins.

## 5 Starfsáætlun GSS 2020 – 2024

### 5.1 Barna og unglिंगastarf

Eitt af megin markmiðum GSS er að efla barna- og unglिंगastarf. Stefnt er að því að börn og unglिंगar fái aukinn tíma í þjálfun og að þjálfarar klúbbsins starfi undir leiðsögn PGA kennara sem setur upp æfingaáætlun í samráði við barna- og unglिंगanefnd. Einnig er stefnt að aukinni þátttöku barna og unglिंगa í mótum með áherslu á þátttöku í yngri hópum en þátttöku og keppni í eldri hópum. Félagslegi hluti starfsins er mikilvægur og er stefnt að blómlegu félagslegu starfi fyrir börn og unglिंगa. **Áhersla 2020:** Efling barna og unglिंगastarfs. Æfingaferð til Danmerkur.

### 5.2 Mótahald

Stefnt er á að halda árlega a.m.k. 6 opin mót og yfir 20 innanfélagsmót. Starfa með UMSS að landsmótum. **Áhersla 2020:** Halda veglegt afmælimót GSS. Þegar hefur verið óskað eftir að halda Íslandsmót karla, 3. deild árið 2020.

### 5.3 Kynning og nýliðun

Nýliðanámskeiðum verður haldið áfram enda hafa þau tekist afar vel. Áfram verða vanur/óvanurmót eftir nýliðanámskeið og reynt verður að fjölga gullteigamótum. Heimasíða verður notuð til upplýsingar fyrir félag og kynningar fyrir áhugasama. Reynt verður að virkja nýbúa til þátttöku í golfi, með sérstökum kynningum. Stefnt er að því að stofna púttdeild innan klúbbsins með áherslu á þátttöku fólks 70 ára eða eldri. **Áhersla 2020:** Gefið verður út afmælisrit GSS í tilefni 50 ára afmælis. Fá umfjöllun í Golf á Íslandi og á N4. Rita greinar í Feyki.

### 5.4 Golfskálinn

Ástand golfskálans á Hlíðarenda er slæmt og þarfnast hann nauðsynlegs viðhalds til að varna frekari skemmdum. Eldhúskrókur skálans þarf úrbætur og húsgögn (borð og stólar) eru vægast sagt úr sér gengin. Skipta þarf um glugga, mála þak og skipta út þakskyggni. **Áhersla 2020:** Skipta um borð og stóla. Hefja viðræður við hagsmunaaðila um framtíð golfskála eða fjölnota húsnæðis á Hlíðarenda.

### 5.5 Bætt aðstaða til þjálfunar

Verulegar breytingar hafa orðið á golfþjálfun og golfiðkun undanfarin ár. Golf er iðkað allt árið með tilkomu golfherma sem gegna lykilhlutverki í að veita endurgjöf sem nauðsynleg er fyrir framfarir. Golfhermar taka upp sveiflu og veita mikilvægar upplýsingar um sveifluna. Hermarnir gera einnig kleift að senda gögn til PGA þjálfara til greiningar. Til að GSS sé í takt við tímenn í golfþjálfun er nauðsynlegt að fjárfesta í golfhermi. **Áhersla árið 2020:** Leitað verður styrkja til að fjármagna kaup á Trackman golfhermi.

## 5.6 Hlíðarendavöllur

Hlíðarendavöllur fær einróma lof þeirra sem hann sækja. Staðsetning vallarins er góð, í göngufæri frá íbúðabyggð og tjaldstæðum bæjarins sem hefur marga augljósa kosti. Völlurinn er stór, á um 29 hektara svæði. Það krefst vinnu að viðhalda vellinum og bæta. Sett hefur verið fram 5 ára áætlun um endurbætur á vellinum þar sem margir liðir koma til framkvæmda á árinu 2020.

Verkefni vallarnefndar

Ártal framkv	Verkefni	Staðsetning
2019	Nýr Rauður teigur á 5. braut	5. braut
2019	Nýr Gulur teigur á 5. braut	5. braut
2020	Gera brekku á bak við 1. flöt aflíðandi frá gríninu og ekki eins bratta og er í dag. Grisja trjágróður á bak við flötina. Halda útliti óbreyttu séð frá brautinni.	1. braut
2020	Grisja trjágróður á bak við 3. flöt með það fyrir augum að auðveldara sé að taka lausn.	3. braut
2020	Endurnýja vatnslögn í gegn um 4. brautina og breyta í læk að hluta.	4. braut
2020	Merkja rautt óslegið svæði milli 5. og 6. brautar og skurðs þar á milli.	5. braut
2020	Setja glompu á 5. braut um 100m frá flöt vinstra megin við braut.	5. braut
2020	Setja glompu á 5. braut í 50-80m frá flöt hægra megin við braut.	5. braut
2020	Fylla upp í austastu glompuna á 7. braut.	7. braut
2020	Endurbyggja gamlan rauðan teig á 9. flöt.	9. braut
2020	Gera göngustíg frá 9. teig niður að braut.	9. braut
2020	Undirbúa vallarmat 2020. Ákveða staðsetningu teiga og mæla lengdir.	Allar brautir
2020	Setja upp skjólvegg eða runna milli æfingaflatar og bílastæða.	Æfingasvæði
2020	Koma upp kylfugeymslum á æfingasvæði. 1 eða 2 gámar með aðgangsstýringu - talnakóði líkt og gert er fyrir krakkana. Leigja félagsmönnum pláss t.d. 1 meter.	Æfingasvæði
2021	Setja snyrtilegan göngustíg að öðrum teig (rauður) frá fyrstu flöt.	2. braut
2021	Laga tjörn á 5. braut. Taka upp plast og gosbrunn. Hreinsa upp úr tjörninni og kaupa nýjan dúk í botninn. Ganga vel frá köntum, m.a. með því að raða fjörugrjóti ofan á jaðar dúksins.	5. braut
2022	Byggja púttflöt / vippflöt með glompu á æfingasvæðinu (sunnan við gámaskýli)	Æfingasvæði
2023	Gera drenskurð á 5. braut	5. braut
2023	Gera drenskurð á 7. braut	7. braut
2023	Gera drenskurð þvert í gegn um 8. brautina (um 150 m frá flöt)	8. braut
2024	Byggja upp nýja flöt norð-vestan við núverandi flöt. Lengja brautina. Einnig má nýta vatn sem rennur í skurði austur af þessu svæði og setja það í snyrtilegan læk sem ver flötina. Þetta kallar á færslu fram á gulum og rauðum teingum, en núverandi gulur gæti orðið hvítur áfram. Þessi aðgerð ætti ekki að trufla leik á framkvæmdatíma.	7. braut

2024	Nýr golfskáli sem getur þjónað kylfingum á Sauðárkróki og einnig nýst sem aðstaða fyrir önnur félagasamtök, eldri borgara o.s.frv. Sambærileg bygging og verið er að reysa á Húsavík. Fjölnota íþróttamiðstöð. Lýðheilsuverkefni.	Golfskáli
Ekki í forgangi	Gera tjörn á milli 2. og 4. brautar	4. braut
Ekki í forgangi	Gera brekkuna vinstra megin við 5. flöt meira aflíðandi - ekki eins bratta.	5. braut
2021	Taka niður skurðbakkann á skurðinum ofan við 8. braut, beggja vegna. Auðvelda aðgengi og bæta útlit.	8. braut
Ótímasett	Færa 8. brautina ofar í landið. Fylla upp í skurðinn og gera hann að læk sem liðast niður vinstra megin niður brautina að 150 metra hæl.	8. braut
Ótímasett	Byggja upp varanlega æfing aflöt eða flatir á æfingasvæðinu sem hægt væri að spila á. Samhliða þyrfti að leggja vatn að æfingasvæðinu til að geta vökvað.	Æfingasvæði
2020	Setja upp varanlegri teigmerkingar sem eru viðmiðunarpunktur mældrar lengdar. Þetta þarf að gera fyrir hvíta, gula, bláa og rauða. Sumir teigar eru sameiginlegir.	Allar brautir
	Viðhald skála að utan - Gluggar - þak - veggir	Golfskáli
	Viðhald skála að innan - Eldhús - salur - húsgögn	Golfskáli
	Minni viðhaðlds og endurbótaverkefni falla undir eðlilegan rekstur vallarins og eru hluti af daglengum verkefnum vallarstjóra / vallarnefndar.	

## Viðaukar

### Viðauki A: Lög Golfklúbbs Skagafjarðar

#### 1.grein

Félagið heitir Golfklúbbur Skagafjarðar. Heimilifang klúbbsins er á Hlíðarenda, Sauðárkróki. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni á félagssvæðinu. Klúbburinn á og rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Klúbburinn er aðili að G.S.Í. og Ungmennasambandi Skagafjarðar.

#### 2.grein

Við golfleik skal á svæði/ velli félagsins fara eftir St. Andrews golfreglum, eins og þær eru á hverjum tíma. Staðarreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhverjum félagi ber skylda til að hlíta þeim reglum, sem settar verða um leik, umferð og umgengni á golfvelli og um alla skála klúbbsins. Brot á þessari reglu getur varðað brottvísun úr klúbbnum.

#### 3.grein

Félagið er öllum opið. Inntökugjald er ákveðið af aðalfundi hverju sinni.

#### 4.grein

Erlendir ríkisborgarar geta sótt um inngöngu í klúbbinn. Erlendi ríkisborgarar búsettir hér um stundarsakir greiði sömu gjöld og Íslendingar til klúbbsins. Erlendir ríkisborgarar sem ekki eru búsettir hér á landi greiða árgjald eða ævigjald samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Erlendir ríkisborgarar bera sömu réttindi og skyldur og aðrir klúbbsmeðlimir nema hvað þeir hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundum eða almennum félagsfundum. Þá eiga þeir ekki aðild að G.S.Í. eða Í.S.Í. Farandverðlaun sem þeir kunna að vinna skulu varðveitt í klúbbhúsinu.

#### 5.grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að tka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

#### 6.grein

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum ókeypiss aðgangi að völlum annara klúbba og auglýsa þau sambönd rækilega.

#### 7.grein

Stjórn klúbbsins skipa 7 menn: formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður, form. mótanefndar, form. vallanefndar og form. unglínganefndar. Þeir skulu kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, þrjú á hverju ári. Einnig skal kjósa 3 varamenn í stjórn til eins

árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Endurkjósa má alla stjórnarmenn, en ekki eru þeir skyldugir að gefa kost á sér til endurkjörs.

#### 8.grein

Stjórn ákveður sjálf starfstilhögun sína sbr. 9. gr. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagssjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórnin kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varða. Þó þarf samþykki félagsfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér. Stjórnin getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fáir hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórnin skal rækta samband við klúbbsfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

#### 9.grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa þessar nefndir: 1. Mótanefnd, 2. Vallarnefnd, 3. Forgjafarnefnd, 4. Aganefnd, 5. Unglinganefnd, 6. Húsnefnd, 7. Fjáröflunarnefnd, 8. Kynningar og nýliðanefnd, 9. Skemmtinefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera 3 – 5 menn, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum G.S.Í. en aðrar skv. fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar.

#### 10.grein

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga, eða breytinga á starfsháttum skulu hafa borist fyrir 10.október ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

#### 11.grein

Reikningsár klúbbsins er 1.nóvember til 31.október. Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

#### 12.grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

Skýrsla stjórnar og nefnda

Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.

Lagabreytingar.

Kosning stjórnar og varamanna.

Kosning í aðrar nefndir samanber 9.grein.

Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.

Kosning fulltrúa á Golfþing G.S.Í og þing U.M.S.S.

Ákvörðun inntökugjalds

Ákvörðun félagsgjalda

Önnur mál.

#### 13.Grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl



atkvæða ræður úrslitum á fundum. Atkvæðarétt hafa þeir félagar, sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til þess að samþykkja breytingar á lögum.

#### 14.Grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til þess að slík ákvörðun teljist lögmæt þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að vera á fundi og 2/3 hlutar viðstaddra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar inna 3ja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð.

#### 15.Grein

Þannig samþykkt á aðalfundi 25.nóvember 2019.

## Viðauki B: Starfslýsingar

### **Vallarstjóri**

Umsjón með Hlíðarendavelli, golfskála, æfingasvæði, vélageymslu, inniaðstöðu að Borgarmýri 2 og tækjum og áhöldum í eigu Golfklúbbs Skagafjarðar.

Almenn umhirða golfvallar, þ.m.t. sláttur, snyrting trjáa, almennt viðhald tækja og áhalda í eigu GSS og annað sem til fellur við daglegan rekstur golfvallar.

Umsjón/eftirlit með golfskála á Hlíðarendavelli og inniaðstöðu að Borgarmýri 2 (allt árið). Umsjón með slætti sem GSS hefur samið um við Svf. Skagafjörð og aðra og dagleg samskipti við verkkaupa.

### **Vallarstarfsmaður**

Almenn umhirða Hlíðarendavallar, þ.m.t. sláttur og snyrting trjáa. Sláttur á svæðum sem GSS hefur samið um slátt á fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð. Næsti yfirmaður er vallarstjóri.

### **Vallarstarfsmaður og þjálfari**

Almenn umhirða Hlíðarendavallar, þ.m.t. sláttur og snyrting trjáa. Sláttur á svæðum sem GSS hefur samið um slátt á fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð. Þjálfun barna/unglinga. Kennsla á námskeiðum.

Næsti yfirmaður er vallarstjóri.

### **Starfsmaður í skála**

Helstu verkefni eru almenn afgreiðsla, umsjón með skála, þrif, innkaup, röðun á vaktir og uppgjör í samstarfi við gjaldkera GSS.

## RÁÐNINGARSAMNINGUR

<b>Fyrirtæki: Golfklúbbur Skagafjarðar</b>	Kennitala: 570884-0349
Heimilisfang: Hlíðarendi, 551 Sauðárkrókur	Sími: 4535075

### Upplýsingar um starfsmann

Nafn:	Kennitala:
Lögheimili:	Sími:
Aðsetur, ef annað:	Sími:

### Starfssvið

Starfsheiti/stutt lýsing á starfi:	
Vinnustaður: <input type="checkbox"/> Vinna á mismunandi vinnustöðum	Fyrsti starfsdagur:

### Vinnutími

<input type="checkbox"/> Fullt starf 100%	<input type="checkbox"/> Hlutastarf	%	<input type="checkbox"/> Skv. kjarasamningi	<input type="checkbox"/> Skv. samkomulagi
<input type="checkbox"/> Dagvinna / <input type="checkbox"/> vaktavinna	klst. á dag/viku		Frá kl.	til kl.
<input type="checkbox"/> Föst yfirvinna	klst. á dag/viku	Annað:		

### Laun

<input type="checkbox"/> Skv. kjarasamningi	<input type="checkbox"/> Skv. samkomulagi	Laun kr./mán.	Launafl./Launaþrep:
Dagvinna	kr/klst.	<input type="checkbox"/> Aðrar greiðslur	
Yfirvinna	kr/klst.		
<input type="checkbox"/> Vaktaálag	<input type="checkbox"/> Skv. kjarasamningi	<input type="checkbox"/> Annað	% á tímanum frá/til:
<input type="checkbox"/> Bónus/premía skv.		<input type="checkbox"/> Hlunnindi	
<input type="checkbox"/> Ákvæðisv.	kr/einingu		
Greiðslufyrirkomulag:	<input type="checkbox"/> Mánaðarlega	<input type="checkbox"/> ½ mánaðarlega	<input type="checkbox"/> Vikulega
		<input type="checkbox"/> Ávísun	<input type="checkbox"/> Á reikning starfsmanns nr.

### Ráðningartími

<input type="checkbox"/> Ótímabundinn	<input type="checkbox"/> Tímabundinn frá	til	og lýkur þá ráðningu án uppsagnar.
<input type="checkbox"/> Ráðning til sérstaks afmarkaðs verkefnis sem er			og lýkur ráðningu þá án uppsagnar.

### Uppsagnarfrestur, orlof og veikindagreiðslur

<input type="checkbox"/> Samkvæmt kjarasamningi	<input type="checkbox"/> Sérákvæði
-------------------------------------------------	------------------------------------

### Áunnin réttindi

<input type="checkbox"/> Miðað við fyrri ráðningu hjá fyrirtækinu	ár	mán.	<input type="checkbox"/> Miðað við starfsgrein	ár	mán.	<input type="checkbox"/> Annað
-------------------------------------------------------------------	----	------	------------------------------------------------	----	------	--------------------------------

### Kjarasamningur

Um réttindi og skyldur fer að öðru leyti skv. kjarasamningi:	
Lífeyrissjóður:	Stéttarfélag:

**Önnur atriði**

[ ] Sbr. fylgiskj.
--------------------

Staður

Dags.

---

---

Undirskrift vinnuveitanda

Undirskrift starfsmanns

## Viðauki D: Stjórn og nefndir 2019-2020

### **Stjórn 2019-2020:**

Formaður: Kristján Bjarni Halldórsson, [formadur@gss.is](mailto:formadur@gss.is)

Varaform.: Halldór Halldórsson, [halldorh@domstolar.is](mailto:halldorh@domstolar.is)

Ritari: Dagbjört Rós Hermundardóttir, [dagbjort79@live.com](mailto:dagbjort79@live.com)

Gjaldkeri: Kristján Eggert Jónasson – [gjaldkeri@gss.is](mailto:gjaldkeri@gss.is)

### *Aðrir í stjórn:*

Guðmundur Ágúst Guðmundsson (formaður vallarnefndar)

Andri Þór Árnason (formaður mótanefndar)

Helga Jónína Guðmundsdóttir (formaður unglinganefndar)

### **Varamenn:**

Hjalti Árnason, Róbert Óttarsson, Guðmundur Ragnarsson

### **Mótanefnd:**

Andri Þór Árnason, formaður

Hjalti Árnason

Kristbjörg Kemp

Pétur Björnsson

Ragnheiður Matthíasdóttir

### **Barna- og unglinganefnd:**

Helga Jónína Guðmundsdóttir, formaður

Magnús Barðdal Reynisson

Margrét Helga Hallsdóttir

Róbert Óttarsson

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir

Sigríður Garðarsdóttir

### **Vallar- og skipulagsnefnd:**

Guðmundur Ágúst Guðmundsson, formaður

Rafn Ingi Rafnsson

Magnús Helgason

Þórður Karl Gunnarsson

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

### **Kynningar- og nýliðanefnd:**

Dagbjört Hermundsdóttir, formaður

Herdís Sæmundsdóttir

Hafdís Skarphéðinsdóttir

Erna Baldursdóttir

Guðrún Björg Guðmundsdóttir

**Forgjafarnefnd:**

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

**Skoðunarmenn reikninga:**

Haraldur Friðriksson

Sigmundur Guðmundsson

**Aganefnd:**

Halldór Halldórsson, formaður

Reynir Barðdal

Stefán Pedersen

**Vara skoðunarmenn reikninga:**

Magnús Helgason

Pétur Friðjónsson

**Skemmti-og sjoppunefnd:**

Sigríður Svavarsdóttir, formaður

Auður Haraldsdóttir

Halldóra Andrésdóttir Cuyler

Kristrún Snjólfisdóttir

Unnur Ólöf Halldórsdóttir

**Sveitastjórar:**

Árný Lilja Árnadóttir

Hjörtur Geirmundsson

Ekki var skipað í eftirfarandi nefndir:  
Húsnefnd, fjáröflunarnefnd.

*Samþykkt á aðalfundi 25.11.2019*